

Tuttugasti og sjötti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 21. september 2016 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Mættir voru: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir og Marianna Hugufrún Helgadóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Formannskipti í Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæði

Hannes Tryggvi Hafstein tók við formannsæti af Rúnari Braga Guðlaugsyni sem tekur við af Hannesi sem varaformaður.

Rúnari Braga Guðlaugssyni fráfarandi formanni nefndarinnar voru þökkun mjög góð störf síðustu fjögur ár.

2. Umboð Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis til starfsmanna um afgreiðslu erinda.

Tillaga að bókun var lögð fram til kynningar.

3. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Hjördís Sjafnar Ingimundardóttir f.h. Abel ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri heildverslunar með matvæli án lagers að Bollagörðum 7 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.
- b. Elísabet S. Ólafsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri heimagistingar að Áslandi 16 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti“.
- c. Brynhildur Georgsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri heimagistingar að Svöluhöfða 19 í Mosfellsbæ.
Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 15. ágúst 2016.
„Staðfest“.
- d. Gunnlaugur B. Ólafsson sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri heimagistingar að Stórakrika 4 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti“.
- e. Þórhildur Guðmundsdóttir f.h. Systur og makar ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri gistingar í sumarhúsi að Eyrum 6 í Eilífsdal í Kjós.
Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 15. júlí 2016.
„Staðfest“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- f. Emanuele Milella f.h. Urban Pasta Reykjavík ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri á færanlegum matsöluvagni með heimilisfangi að Arnarhöfða 2 í Mosfellsbæ.
Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 12. júlí 2016.
„*Staðfest*“.
- g. Renata Hacz sækir f.h. Lyf og heilsa hf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri apóteks að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.
Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 16. ágúst 2016.
„*Staðfest*“.
- h. Fanney Dögg Ólafsdóttir f.h. Líkama og sál ehf. sækir um starfsleyfi fyrir rekstri stofu með snyrtingu, fótaaðgerðir og fegurðarhúðflúr að Þverholti 11 í Mosfellsbæ.
Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 25. júlí 2016.
„*Staðfest*“.
- i. Matfugl sækir um markaðssöluleyfi á bæjarhátíð Mosfellsbæjar vegna framreiðslu á kjúklingabítum laugardaginn 27. ágúst 2016.
Leyfi veitt af heilbrigðiseftirliti 10. ágúst með vísan í 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.
„*Staðfest*“.
- j. Ísfugl ehf sækir um markaðssöluleyfi á bæjarhátíð Mosfellsbæjar vegna framreiðslu á kjúklingabítum laugardaginn 27. ágúst 2016.
Leyfi veitt af heilbrigðiseftirliti 26. ágúst 2016 með vísan í 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.
„*Staðfest*“.
- k. Gunnar Leó Helgason fh. Kraftunga ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Kraftunga ehf. Alifuglaræktun að Felli í Kjós.
„*Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir alifuglabú*“.
- l. Ellert Jónsson f.h. Steingarður ehf. sækir um starfsleyfi fyrir verkstæðisaðstöðu að Flugumýri 14 vegna viðgerða á eigin vélum og tækjum.
„*Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir fyrirtæki sem valdið geta mengun sbr. auglýsingu nr. 582/2000*“.
- m. Halldór Björnsson sækir um starfsleyfi fyrir Eldhöku ehf. bílaþvottastöð að Bygggörðum 4 á Seltjarnarnesi.
„*Málinu er frestað þar sem upplýsingar um mengunarvarnir í fráveitu liggja ekki fyrir*“.
- n. Sigurður Benediktsson sækir um starfsleyfi fyrir Galdrastál ehf, stálsmiðju að Bygggörðum 2 á Seltjarnarnesi.
„*Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir fyrirtæki sem valdið geta mengun sbr. auglýsingu nr. 582/2000*“.

Tímabundin starfsleyfi megna mengunarvarna

- a. Melmi ehf sækja um tímabundið starfsleyfi fyrir rannsóknarborunum vegna málmleitar í landi Þormóðsdals.
Lögð voru fram minnisblöð framkvæmdastjóra umhverfissviðs vegna rannsóknarborana vegna málmleitar í landi Þormóðsdals.
„*Málinu var frestað*“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- b. Aftak ehf. sækir um starfsleyfi til niðurrifs og förgunar á fasteignunum Suðurmýri 36 og Suðurmýri 38 á Seltjarnarnesi.
„Leyfið var gefið út þann 31. ágúst 2016 með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.
„*Staðfest.*“

Umsagnir fyrir veitinga, gististaði og flugeldasýningar

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 4. júlí 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri á gististað í flokki II, tegund sumarhús, að Eyrum 6 í Eilífsdal í Kjósarhreppi.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 14. júlí 2016.
„*Staðfest.*“
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 15. júlí 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri á gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Valhúsabraut 19 á Seltjarnarnesi.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 18. júlí 2016.
„*Staðfest.*“
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 20. júlí 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri á gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Stórakrika 4 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 25. júlí 2016.
„*Staðfest.*“
- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 2. ágúst 2016 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisveitingaleyfi fyrir Ungmennafélagið Aftureldingu í íþróttamiðstöðinni að Varmá í Mosfellsbæ þann 27. ágúst 2016.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 4. ágúst 2016.
„*Staðfest.*“
- e. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. ágúst 2016 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir rekstri Stjórnunnar ehf. á Subway veitingastað í flokki I, tegund veitingastofa, að Háholti 11 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 31. ágúst 2016.
„*Staðfest.*“
- f. Lagt fram erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett 16. ágúst 2016 þar sem óskað var umsagnar um flugeldasýningar Björgunarsveitarinnar Kyndils þann 27. ágúst 2016 við Háholt 23 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 31. ágúst 2016.
„*Staðfest.*“
- g. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 7. september 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri á gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Áslandi 6 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 13. september 2016.
„*Staðfest.*“
- h. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. september 2016 þar sem óskað var umsagnar um tækifærisleyfi fyrir

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

nýnemaball Framhaldsskólans í Mosfellsbæ í Hlégarði þann 15. september 2016.

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 9. september 2016.

„*Staðfest*“.

4. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2017.

Drög að fjárhagsáætlun 2017 var lögð fram til kynningar.

5. Þvingunarúrræði vegna laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins dagsett 13. september 2016 vegna kröfu um úrbætur í fráveitumálum í Tjaldanesi.

„*Heilbrigðisnefnd samþykkir að lagðar verði á dagsektir að upphæð kr. 15.000 kr. á eiganda fasteigna að Tjaldanesi hafi úrbótum í fráveitumálum ekki verið lokið 15. nóvember 2016*“.

6. Gæludýr í almenningsvagna.

Stjórn Strætó leitar álitis heilbrigðiseftirlita á höfuðborgarsvæðinu um hugmyndir um að leyfa gæludýr í strætó. Greinargerð verkefnahóps um málið lögð fram með erindinu.

„*Frestað*“.

7. Önnur mál

- a. Fundargerð vorfundar UST, MAST og HES með ráðuneytum haldinn á Hótel Laxá 2.-3. maí 2016 var kynnt.
- b. Rætt um þann atburð er úrgangi var fargað í fjörunni við sjóvarnagarðinn við smábátahöfnina í ágúst. Kynnt að málið var sent til Umhverfisstofnunar til þóknanlegrar meðferðar.
- c. Lögð fram drög að sóttvarnaáætlun – Hafnir og skip Viðbragðsáætlun almanna- og skipavarna. Heilbrigðiseftirlitið vinnur að umsögn um skýrsluna.
- d. Lögð fram ferðaskýrsla framkvæmdastjóra (á ensku) sem unnin var í tengslum við verkefnið „*Adopt the river*“ í Búlgaríu.
- e. Fundir eftirlitsstofnunar ESA með MAST og HES er varða matvælaeftirlit voru haldnir í vikunni 12.-16. september í húsakynnum Matvælastofnunar og sat Árni Davíðsson fundina f.h. heilbrigðiseftirlitsins.

Fundi var slitið kl. 19:40.